

Ed.

396. Frumvarp til laga

[69. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

Í stað 1. málsgr. 2. gr. laganna komi fjórar nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita læknar, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarhjálp og öðru, eftir reglum, sem læknadeild háskólans setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi þessu skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnaegir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans.

Kandidatar skulu við framhaldsnámið hafa almenn lögkjör opinberra starfsmanna. Þeir skulu taka hámarkslaus samkvæmt 8. fl. launalaga.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir rikisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknadeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.